



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 141/54  
komudagur 4.10. 2012

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. október 2012 R2012090029  
T-ums 16/12

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald**


Ríkisskattstjóri hefur þann 27. september 2012 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 145/1994, um bókhald. Meðal breytinga er lagt til að öllum félögum verði heimilt að þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi t.d. vegna erlends eignarhalds eða erlendra stjórnarmanna að hafa texta bókhaldsgagna á dönsku eða ensku. Ennfremur er lagt til að öll félög hafi nú heimild til að vista bókhaldsgögn erlendis í allt að sex mánuði. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur eftirfarandi fram um þessa tillögu:

*„Benda má á að rafrænt fært bókhald er að verða algengara og er þá alltaf óheftur aðgangur að rafrænum bókhaldsgögnum án tillits til hvar bókhald er vistað í heiminum.“*

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri benda á að aðgangur að rafrænum bókhaldsgögnum er ekki sá sami og aðgangur að frumgögnum bókhalds og þeim undirgögnum sem rafrænar bókhaldsfærslur byggja á. Ríkisskattstjóri hefur af því áhyggjur að gangi lagabreyting þessi fram þá verði tímafrekara og erfiðara fyrir skattyfirvöld að fá aðgang að nauðsynlegum gögnum hjá skattaðilum m.a. til að staðreyna skattframtöl og sinna lögbundnu eftirliti. Þá má og benda á að hjá OECD er í gangi skoðun á því hvaða áhrif rafræn geymsla bókhaldsgagna á svokölluðum tölvuskýjum (e. cloud computing) og að slík vistun geti gengið gegn skýrri skyldu til að vista bókhaldsgögn innan lögsögu viðkomandi ríkja og skapi jafnframt hættu á að gögn séu ekki geymd með nægilega öruggum hætti. Hvað varðar þá breytingu sem kemur fram í frumvarpinu og lýtur að heimild til að hafa texta bókhaldsgagna á ensku eða dönsku vill ríkisskattstjóri benda á að svo virðist sem að skattaðilum verði í sjálfsvald sett að ákveða hvort að bókhaldsbækur verði á íslensku eða erlendu tungumáli - nóg sé að einn stjórnarmaður sé erlendur til að þessi heimild fáiast. Álitamál er hvort að þessi tilhögun brjóti ekki í bága við íslenska málstefnu sbr. samþykkt Alþingis þann 12. mars 2009 sem og lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggerð-Dórðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir